

Hafnarfjarðarbær  
B.t. Bjarka Jóhannessonar  
Sviðsstjóri / skipulags-og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar  
Norðurhella 2  
221 Hafnarfjörður

09.12 2013  
Mál: 20.60

**Efni:** Umsögn Landsnets um tillögu að endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðarbæjar 2005-2025.

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar, dags. 12. nóvember 2013, þar sem óskað er umsagnar Landsnets um tillöguna.

Landsnet gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna:

1. Í markmiðum um byggð neðarlega á bls. 15 segir: „Háspennulínur sem eru nálægt byggingarsvæðum skulu lagðar í jörð eða fluttar frá byggðinni. Háspennulínur sem nú liggja að dreifistöð Landsnets í Hamranesi verði lagðar í vegstæði Ofanbyggðarveggar ef þess er kostur. Ný dreifistöð verði byggð ofan iðnaðarsvæðis í Hellnahrauni og hlutverki eldri dreifistöðvar breytt í að vera minni spennistöð...“

**Til aðgreiningar frá aðveitustöðvum í dreifikerfinu hefur Landsnet notað hugtakið tengivirki. Megin tengivirkið í Hafnarfirði er í Hamranesi, en jafnframt er rafmagn afhent í tengivirki við Öldugötu (Stekkur). Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir því að í framtíðinni verði megin tengivirkið fyrir Hafnarfjörð staðsett í Hrauntungum. Tengivirkið í Hamranesi mun tengjast því með jarðstrengjum. Að Hamranesi liggja jafnframt Hnoðraholtslína 1 (132 kV) og Hafnarfjarðarlína (132 kV), en þessar línur eru þegar í jarðstreng, Hafnarfjarðarlína að öllu leyti og Hnoðraholtslína 1 að hluta. Í framtíðinni munu loftlínur sem liggja nú að Hamranesi, þ.e. Búrfellslína 3B og Ísallínur 1 og 2 færast að Hrauntungum (sem Ísallínur 3 og 4) og gert er ráð fyrir að Hamraneslínur 1 og 2 verði lagðar af þegar ný lína hefur verið byggð meðfram Búrfellslínu 3 að Hafnarfirði, og leyst þær af hólmi. Í framtíðinni munu því engar loftlínur liggja að tengivirkinu í Hamranesi, einungis jarðstrengir. Landsnet hyggur ekki á frekari strengsetningu loftlína en lýst er í gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar, sbr. breytingu á aðalskipulagi sem staðfest var af umhverfisráðherra 21. janúar 2013.**

2. Í kafla 2.2. 15 Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum segir: „Enn fremur hefur komið í ljós að afmörkun brunnsvæðis við Mygludali var ónákvæm og er gerð tillaga um leiðréttingu þess. Vatnsverndarmörk breytast í samræmi við það, en breytingarnar kalla á breytingu á Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins, hvað varðar vatnsverndarmörk.“

**Landsnet telur að hér sé um mikilvæga leiðréttingu að ræða m.t.t. niðurstöðu Umhverfisráðuneytisins vegna háspennulína um Mygludali, þar**



sem hvatt er til að núverandi og framtíðar háspennulínur verði utan þessa vatnsverndarsvæðis. Vakin er athygli á því að skv. upplýsingum frá vatnsveitustjóra Hafnarfjarðar gæti verið um að ræða villu í kortagrunni sem orsakaði hliðrun á öllu svæðinu, þ.e. að vesturmörk svæðisins séu einnig röng.

3. Kafli um rafmagn á blaðsíðu 74:

**Landsnet bendir á að textinn í breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna Suðvesturlína, sem samþykkt var af umhverfisráðherra þann 21. janúar árið 2013, er almennt nákvæmari en kaflinn um rafmagn sem lagður er til í endurskoðuðu aðalskipulagi. Nýr kafli ætti að endurspegla betur þá umfjöllun sem kemur fram í gildandi aðalskipulagi. Að lágmarki vill Landsnet koma eftirfarandi leiðréttingum á framfæri.**

4. Í kafla um rafmagn á blaðsíðu 74 segir:

„Hitaveita Suðurnesja sér um flutning rafmagns til Hafnarfjarðar. Aðveitustöð er við Öldugötu. Hnoðraholtslína sem er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur liggur frá Geithálsi að tengivirkinu við Hamranes og þaðan inn til Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Hluti línunnar hefur verið lagður í jarðstreng, og línan verður öll lögð í jarðstreng innan Hafnarfjarðar.“

**Bent er á að Landsnet sér um flutning rafmagns til Hafnarfjarðar. HS-veitur sjá svo um dreifingu þess til almennings og fyrirtækja að frátöldu álverinu í Straumsvík, en Landsnet afhendir orku beint til þess. Hnoðraholtslína 1 er jafnframt í eigu Landsnets, hún liggur frá tengivirki við Hamranes að tengivirki við Hnoðraholt. Hluti hennar var strengsettur árið 2007, (um 1,6 km). Engar viðræður hafa átt sér stað við fyrirtækið vegna strengsetningar á allri Hnoðraholtslínu innan Hafnarfjarðar og er slík framkvæmd ekki á áætlunum Landsnets.**

5. Í greinargerð Hafnarfjarðarbæjar segir svo: „Að og frá tengivirkinu við Hamranes ganga eftirtaldar línur í eigu Landsnets. 220 Kv: Hamraneslínur 1 og 2 til austurs áleiðis að Geithálsi. Þær eru báðar á sömu möstrum og flytja í dag 2/3 þess afls sem notað er í ÍSAL. Þær verða rifnar á skipulagstímabilinu.“

**Landsnet bendir á að samkvæmt samkomulagi við Hafnarfjarðarbæ er forsenda þess að Hamraneslínur 1 og 2 séu rifnar sú að ný lína hafi verið reist samhliða Búrfellslínu 3 og tekið við hlutverki þeirra. Því er lagt til að setningunni verði breytt til samræmis við það sem stendur í gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar, sbr. fyrrgreinda breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar: „Þær verða rifnar þegar að ný lína hefur verið reist frá Sandskeiði til Hafnarfjarðar, sem tekur við hlutverki þeirra.“**

6. Í greinargerð Hafnarfjarðarbæjar segir einnig; „Ísallínur 1 og 2 liggja til vesturs að álverinu í Straumsvík. Skv. upplýsingum Landsnets er fyrirhugað að bæta þar við a.m.k. einni línu. Þessar línur verða fluttar á skipulagstímabilinu í nýtt línustæði frá tengivirki í Hrauntungum.“

**Landsnet bendir á að ekki stendur til að reisa nýja línu samsíða Ísallínum 1 og 2. Gert er ráð fyrir að í framtíðinni verði Ísallínur 1 og 2 lagðar af og þess í stað reistar tvær loftlínur, Ísallínur 3 og 4. Þær munu liggja frá nýju tengivirki við Hrauntungur að álverinu. Vísast hér til gildandi aðalskipulags, sbr breytingu sem staðfest var 21. janúar 2013.**

7. Í greinargerð Hafnarfjarðarbæjar segir jafnframt: „Búrfellslína 3B liggur til suðausturs áleiðis að Sandskeiði. Landsnet fyrirhugar að leggja til viðbótar tvær



400 kV línur til að tengja Hamranes við Brennimeil og Kolviðarhól vegna virkjana á Hellisheiði. Þetta tengist m.a. hugmyndum um stóriðju á Suðurnesjum og frekari virkjanahugmyndum á svæðinu. Þessar línur verða lagðar í nýtt línustæði að tengivirkinu í Hrauntungum.“

**Landsnet bendir á að styrking orkuflutningskerfisins á Suðvesturlandi er ekki einungis vegna virkjana á Hellisheiði, eða hugmynda um stóriðju á Suðurnesjum og frekari virkjana þar. Almenn séð er tilgangur Suðvesturlína, sem Búrfellslína 3B, Sandskeiðslína 1 og Kolviðarhólslína 2 eru hluti af, að auka afhendingaröryggi raforku á svæðinu og styrkja orkuflutningskerfið til að anna framtíðarflutningsþörf vegna aukinnar orkuframleiðslu, atvinnuuppbyggingar og þjónustu við dreifiveitur. Línurnar munu liggja í sama belti og núverandi Búrfellslína 3B en taka stefnu að nýju tengivirki í Hrauntungum í stað þess að liggja að tengivirkinu í Hamranesi.**

8. Í greinargerð segir svo: „ - 132 Kv: Suðurnesjalína 1 til vesturs að Keflavík, hún er í eigu Hitaveitu Suðurnesja. Hún verður rifin á skipulagstímabilinu, og fyrirhugað er að leggja í staðinn tvær nýjar 220 kV línur nokkuð sunnan fyrirhugaðs Ofanbyggðavegar frá tengivirkinu til Reykjaness.“

**Landsnet bendir á að Suðurnesjalína 1 er í eigu Landsnets. Suðurnesjalína 1, sem er 132 kV lína, verður lögð af frá tengivirkinu við Hamranes. Í stað hennar verður byggð 220 kV loftlína frá nýju tengivirki við Hrauntungur að núverandi legu línunnar við sveitarfélagsmörk Voga og Hafnarfjarðar. Mun hún þá liggja samhliða 220 kV háspennulínu sem nú er í undirbúningi.**

9. 400 kV tengivirki verður byggt í Hrauntungum, og verður vægi tengivirkisins við Hamranes þá minnkað og verður það venjuleg spennistöð. Engar háspennulínur munu í framtíðinni liggja að og frá því.

**Tengivirkið í Hrauntungum verður 400/220/132 kV. Leiðrétta ber að engar háspennulínur muni í framtíðinni liggja að Hamranesi. Að öllum framkvæmdaáföngum loknum munu liggja að Hamranesi jarðstrengir, annars vegar frá Hrauntungum og hins vegar Hafnarfjarðarlína og Hnoðraholtslína 1.**

10. Athugasemdir við uppdrætti og kort: Á uppdráttum er gert ráð fyrir nýju tengivirki sem staðsett er í strengleiðinni á milli Hamraness og Hrauntungna.

**Landsnet gerir athugasemd við þessa staðsetningu og telur jafnframt ekki skýrt hvaða tilgangi það á að þjóna. Að lokinni uppbyggingu orkuflutningskerfisins samkvæmt samningi Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets er gert ráð fyrir að tengivirkið í Hamranesi þjóni sem tengivirki til framtíðar fyrir byggðina. Engin áform eru um það hjá Landsneti að færa það eða breyta því frekar. Umfang þess verður að framkvæmdum loknum svipað og annarra tengivirkja sem finnast víða inni í þéttbýli. Færsla þess á nýjan stað er ekki inni í framtíðaráformum Landsnets. Landsnet bendir á að breytingar á mannvirkjum fyrirtækisins munu gerast í áföngum á nokkrum tíma. Á þéttbýlis- og sveitarfélagsuppdrætti hafa núverandi línur verið fjarlægðar en slíkt getur valdið misskilningi meðal íbúa þar sem ekki er ætlunin að fjarlægja þessar línur strax. Landsnet leggur eindregið til að línurnar verði sýndar á uppdráttum, sem víkjandi mannvirki.**

11. Að lokum bendir Landsnet á að um allar útfærslur á skipulagi gildir eftirfarandi: Í næsta nágrenni háspennulína þarf að tryggja að helgunarsvæði þeirra sé virt. Í



Því samhengi þarf einnig að hafa í huga að skógrækt verði ekki viðhöfð innan helgunarsvæðis. Þá er nauðsynlegt að tryggja greiðan aðgang að línunum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. Um getur verið að ræða ýmiss vélknúin tæki, allt eftir eðli verkefna hverju sinni.

Virðingarfyllt

Hildur Hrólfsdóttir

Umhverfi- og gæðastjóri

[hildur@landsnet.is](mailto:hildur@landsnet.is)

Landsnet hf.

Gylfaflöt 9

110 Reykjavík

Sími: 563 9300